

Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis 2002

1. Heilbrigðisnefnd

Heilbrigðisnefnd var þannig skipuð til sveitarstjórnarkosninga:

Aðalfulltrúar.

Andrés Pétursson, formaður
Árni Sverrisson, varaform
Jón Bjarni Þorsteinsson
Sigurlaug Sigurðardóttir
Sigurgeir Ólafsson
Gestur Pétursson
Sigfríður Ingvarsdóttir

Varafulltrúar:

Þorsteinn Njálsson
Þóra Guðnadóttir
Sigurveig Sæmundsdóttir
Guðmunda Sigurðardóttir
Guðrún Árnadóttir
Jón Gunnlaugsson
Örn Sigurðsson

Eftir sveitarstjórnarkosningar var þannig skipað í nefndina:

Aðalfulltrúar:

Andrés Pétursson formaður
Sigurgeir Ólafsson varaform.
Jón Bjarni Þorsteinsson
Svala Jónsdóttir
Árni Sverrisson
Gestur Pétursson
Richard Hansen

Varafulltrúar:

Ólafía Ragnarsdóttir
Hafsteinn Þórðarson
Sigurveig Sæmundsdóttir
Loftur Þór Pétursson
Páll Árnason
Örn Sigurðsson
Guðmundur Unnþór Stefánsson

Heilbrigðisnefnd hélt 13 (13) fundi á árinu. Á þeim fundum voru teknir fyrir 526 (639) dagskrárliðir. Skiptast dagskrárliðir á eftirfarandi hátt eftir málaflokkum. Sum mál komu til umræðu á fleiri en einum fundi. Innan sviga eru tölur frá 2001.

Almenn mál umhollustuhætti, málefni sem tengjast heilbrigðisreglugerð, varasömum efnunum, tóbaksvörnum o.þ.h	204 (228)
Matvælamálefni	76 (80)
Umhverfismál	206 (293)
Rekstur heilbrigðiseftirlitsins og almenn stjórnýsla	40 (38)

2. Hollustuhættir

109 (74) umsóknir voru teknar til meðferðar, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á ákvæðum heilbrigðisreglugerðar.

55 (45) umsóknir fyrir nýja starfsemi.

54 (29) umsóknir vegna endurnýjunar eða breytinga á rekstri.

Nokkur meðhöndlun og dreifing matvæla á sér einnig stað í nokkrum tilvikum sem flokkast hér. Vegna kröfu um mengunarvarnabúnað við tannlæknastóla eru tannlæknastofur í flokknum umhverfiseftirlit varðandi starfsleyfi en hollustuhætti varðandi eftirlit.

Heilbrigðisreglugerð.

Fjöldi umsókna um starfsleyfi, flokkun eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Daggæsla og leikskólar	0 (0)	2 (1)	4 (5)	16 (8)	22 (14)
Gististaðir	0 (0)	0 (0)	4 (5)	4 (3)	8 (8)
Snyrtistofur hver konar	1 (0)	2 (8)	1 (8)	13 (10)	17 (26)
Heilbrigðis- og meðferðarstofn.	1 (0)	2 (1)	3 (3)	13 (1)	19 (5)
Skólar	0 (0)	2 (0)	1 (1)	1 (2)	4 (3)
Verslun og annað	0 (0)	6 (1)	11 (3)	22 (14)	39 (18)
Alls	2 (0)	14 (11)	24 (25)	69 (38)	109 (74)
Óafgreiddar umsóknir	0 (0)	0 (0)	1 (4)	2 (2)	3 (6)

Einni umsókn um daggæslu á efri hæð í íbúðarhúsi var hafnað vegna aðstæðna.

Ein beiðni um umsögn barst vegna umsóknar um gistileyfi.

24 (21) beiðnir um umsögnir bárust vegna umsókna um leyfi til áfengisveitinga.

46 (27) beiðnir um umsögnir bárust vegna umsókna um veitingaleyfi.

Veitt voru 19 leyfi til smásölu á tóbaki samkvæmt ákvæðum tóbaksvarnalaga. Úttekt og stöðumat var gert í júní-júlí 2002, vegna sölu tóbaks og skiptingu veitingastaða í rey- og reyklusvæði. Var tímasetning valin með hliðsjón af því að þá var eins árs reynsla að koma á framkvæmd nýrra ákvæða tóbaksvarnalaga. Sölustaðir tóbaks voru þá 111. Misbrestir voru aðallega varðandi reyklussvæði á veitingastöðum.

Á árinu var sérstök áhersla lögð á eftirlit vegna matvæladreifingar hjá dagvistarstofnunum. Annars tekur eftirlit þar til húsnæðis, öryggisþátta auk matvælaeftirlits. Stöðumat við meðhöndlun matvæla sýndi ásættanlega útkomu.

Í ljós hefur komið að á nokkrum stöðum hefur verið leigt út ósamþykkt húsnæði til íbúðar sem uppfyllir ekki kröfur til hollustuhátta. Notkun slíks húsnæðis kom til umræðu á fundum nefndarinnar. Í tveimur tilvikum samþykkti heilbrigðisnefnd að beita ákvæðum laga um dagsektir til að knýja á um að slíkt húsnæði yrði rýmt og gekk það eftir í báðum tilvikum.

Kvartanir um hollustuháttamál og umgengni á lóðum og lendum voru 345. Flestar kvartanir eða 81 eru vegna faratækja sem skilin eru eftir á almannafæri og á lóðum og verða nálægum íbúum til ama. Starfsmenn þjónustumiðstöðva sveitarfélaganna hafa jafnframt afskipti af nokkur hundruð bifreiða sem skildar eru eftir án númera á almannafæri. Vegna tóbaksreykinga bárust 8 kvartanir og ein kvörtun vegna annarra brota á tóbaksvarnalögum.

239 kvartanir bárust heilbrigðiseftirlitinu á árinu vegna hunda. Flestar eða 138 eru eins og árið áður um að hundur gengur laus. Þar á eftir koma kvartanir vegna ónæðis, 31 og að ekki sé þrifið upp eftir þá, 29. Í lok ársins tók eftirlitsmaður í föstu starfi við eftirliti vegna hundahalds en áður hafði kvörtunum verið sinnt í tímavinnu.

Tíðni reglubundins eftirlits til fyrirtækja í þessum flokki er algengast ein eftirlitferð á ári. Til fyrirtækja í nokkrum flokkum er þó áætlaðar fleiri ferðir og allt að fimm eftirlitsferðir til stórra sundstaða. Einnig er eftirlits tíðni ein eftirlitsferð á tveggja til fjöggra ára fresti í nokkrum tilvikum. Reglubundnar eftirlitsferðir og tilfallandi eftirlitsferðir voru skráðar alls 485 samkvæmt eftirfarandi flokkun.

	Fegrunar- og snyrtistarfsemi	Gististarfsemi	Fræðslu-, íþrótt- og menningarst.	Heilbrigðis-þjónusta	Alls
Fj. eftirlitsstaða 31.12.2002	98	17	166	82	363
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	116	12	143	68	339
Fj. eftirlitsferða	57	19	297	112	485

Til hollustuhátta telst einnig sala á vörum sem innihalda eiturefni og hættuleg efni en eftirlit vegna þeirra þátta eru ekki með í eftirfarandi töflu.

3. Matvælaeftirlit

63 (73) umsóknir um starfsleyfi voru teknar til meðferðar, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á matvælalögum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.

27 (43) umsóknir fyrir nýja starfsemi.

36 (30) umsóknir vegna eigendaskipta eða breytinga.

Reglugerð um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla. Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða-hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Vinnslur	0 (0)	0 (1)	0 (4)	4 (2)	4 (7)
Verslanir	0 (1)	2 (6)	9 (11)	12 (14)	23 (32)
Veitingastaðir	0 (0)	2 (0)	12 (10)	16 (18)	30 (28)
Mötuneyti / veisluþjónusta	0 (0)	0 (0)	3 (3)	3 (2)	6 (5)
Annað	0 (0)	0 (0)	0 (0)	0 (1)	0 (1)
Alls	0 (1)	4 (7)	24 (28)	35 (37)	63 (73)

Umsagnir voru gerðar um drög að reglugerðum um kakó- og súkkulaðivörur og mjólk- og mjólkurvörur.

Gerð var sérstök könnun í umdæminu á hitastigi í kælum og frystum í matvöruverslunum og söluturnum í júní og júlí. Einnig var gerð könnun á notkun efna sem notuð eru til þrifa í skyndibitastöðum í júlí og á þrifum í mötuneytum ágúst 2002. Niðurstöður eru birtar á heimasíðu stofnunarinnar.

Heilbrigðisfulltrúi starfaði í samstarfshópi heilbrigðiseftirlitssvæðanna og Hollustuverndar ríkisins um matvælaeftirlit. Í samstarfshópnum er ýmis framkvæmd og skipulagning samstarfs- og eftirlitsverkefna rædd. Í eftirlitsverkefnum eru tekin til skoðunar sams konar matvæli á ákveðnu tímabili um allt land og leitað eftir sömu þáttunum í matvælu ef um örverurannsóknir er að ræða. Einnig vann samstarfshópurinn skýrslu og framkvæmdaáætlun um innleiðingu innra eftirlits í landinu vegna öryggis matvæla

Það hefur verið markmið að taka virkan þátt í samræmdum eftirlitsverkefnum sem tengjast starfsemi í umdæminu. Á árinu var ekki þátttaka í einu eftirlitsverkefni

"Örveruástand heitra og kaldra rétta á hlaðborðum 2002." Við könnun á veitingahúsum í desember kom í ljós að veitingahús buðu ekki upp á slík hlaðborð að jafnaði.

Samstarfs verkefni sem unnið var að á árinu voru eftirfarandi:

- Örveruástand rjórnabolla, febrúar 2002.
- Örveruástand súrmatar, janúar - febrúar 2002.
- Örveruástand samloka og smurðs brauðs, mars- apríl 2002.
- Örveruástand svínakjöts, mars - maí 2002.
- Örveruástand íss, júní - júlí 2002.
- Örveruástand grillkjöts, maí - júlí 2002.
- Örveruástand kjúklingakjöts, ágúst - nóvember 2002.
- Könnun á endurmerkingum matvæla frá Bandaríkjunum, júní 2002.
- Könnun á magnmerkingum matvæla, janúar - apríl 2002.
- Könnun á innihaldslýsingum brauða í bakaríum, janúar - febrúar 2002.

Skýrslur vegna þessara verkefna hafa verið teknar saman og eru birtar á heimasíðu umhverfisstofnunar.

Eftirlitsferðir vegna reglubundins eftirlits í fyrirtæki sem framleiða eða dreifa matvöru voru áætlaðar í eftirlitsáætlun ársins 664. Með tilfallandi eftirlitsferðum voru skráðar alls 927 eftirlitsferðir samkvæmt eftirfarandi flokkun.

	Framleiðsla, pökkun	Heildsala, flutningur	Stóreldhús	Smásala	Vatnsveitur	Alls
Fj. eftirlitsstaða 31.12.2002	44	6	191	85	7	333
Fj. áætlaðra eftirlitsferða	87	13	207	285	72	664
Fj. eftirlitsferða	75	12	395	405	40	927

Kvartanir og ábendingar frá almenningi vegna matvæla voru 42 á árinu. Flestar vegna ófullnægjandi hreinlætis í húsnæði, búnaðar eða starfsfólks 13 og skemmdra matvæla 10.

4. Umhverfiseftirlit

146 (216) umsóknir um starfsleyfi voru teknar til umræðu, þar sem eftirlit byggist fyrst og fremst á ákvæðum í mengunarvarnareglugerðum.

72 (105) umsóknir fyrir nýjar starfsemi.

74 (111) umsóknir vegna endurnýjunar.

Reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Fjöldi umsókna um starfsleyfi flokkuð eftir starfsemi og staðsetningu.

	Bessastaða- hreppur	Garðabær	Hafnarfjörður	Kópavogur	Alls.
Bílgreinin.	0 (0)	2 (1)	8 (18)	18 (28)	28 (47)
Efnaiðnaður	0 (0)	1 (3)	5 (1)	7 (9)	13 (13)
Fiskvinnsla	0 (0)	0 (0)	6 (4)	0 (0)	6 (4)
Prentiðn/framköllun	0 (0)	1 (4)	0 (2)	5 (6)	6 (12)
Málmiðnaður og verkstæði	0 (0)	6 (10)	15 (25)	32 (20)	53 (55)
Trésmíðaverkst.	0 (0)	0 (1)	2 (15)	21 (7)	23 (23)
Tannlæknastofur	0 (0)	0 (3)	0 (2)	2 (16)	2 (21)
Annað	1 (0)	1 (3)	5 (9)	8 (29)	15 (41)
Alls	1 (0)	11 (25)	41 (76)	93 (115)	146 (216)
Óafgreiddar umsóknir	1 (0)	0 (0)	3 (1)	1 (1)	5 (2)

Umsagnir voru gerðar til:

Umhverfissráðuneytisins um drög að

- frumvarpi um meðhöndlun úrgangs.
- reglugerð um grænt bókhald.

Bæjarráðs Kópavogs um:

- stjórnslukæru vegna starfsleyfis fyrir Reykjavíkflugvöll
- landmótunarsvæði við Kjóavelli.

Skipulagsnefndar Kópavogs um:

- deiliskipulag hestúshverfis að Heimsenda og að landmótun í eystri hluta Kjóavalla.
- byggingu bílskúrs á lóð í Lækjarbornum

Skipulagsnefndar Hafnarfjarðar um bílaþvottastöð við Reykjavíkurveg.

Bæjarráðs Garðabæjar um frísvæði fyrir hunda og um útivistarstíg við Vífilsstaðavatn.

Skipulagsstofnunar vegna umhverfismats og undirbúnings matskýrsla:

- Áltanesvegur og lengingu Vífilsstaðavegar, mat á umhverfisáhrifum.
- ÍSAL í Straumsvík, tillaga að matsáætlun.-
- Virkjun á Helligheiði, tillaga að matsáætlun.
- Arnarnesvegur frá Reykjanesbraut að Breiðholtsbraut, tillaga að matsáætlun.

- Reykjanesbraut, umhverfismat á tvöföldun frá Fífuhvammsvegi að Álftanesvegi.
- Reykjanesbraut, umhverfismat á tvöföldun frá Álftanesvegi að Ásbraut.
- ÍSAL í Straumsvík, umhverfismat á stækkun í tveimur áföngum í allt að 460 þúsund tonna framleiðslugetu á ári.
- Undirhlíðar, tillaga að matáætlun fyrir efnistöku
- Vatnsendakriki, fyrirspurn um matsskyldu vegalagningar vegna borunar tilraunahola fyrir neysluvatn.
- Vatnsendahvarf, fyrirspurn um matsskyldu fyrir lagningu tengibrautar.
- Vatnsendavegur, fyrirspurn um matsskyldu lagningu tengibrautar.

Framkvæmdastjórn um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu hélt 7 fundi á árinu 2002 og tók fyrir 25 málefni. Fundargerðir framkvæmdastjórnarinnar eru teknar til umræðu á fundum heilbrigðisnefndar. Að fenginni umsögn framkvæmdastjórnarinnar veitti heilbrigðisnefnd tvö leyfi til ræktunarstarfa með vísun til ákvæða heilbrigðissamþykktar nr. 636/1997, um verndarsvæði vatnsbóla. Samþykkt var lagning reiðvegjar við Elliðavatn og lagning bundins slitlags á veg á grannsvæði vatnsbóls. Samþykkt var að beita lóðarhafa á vatnsverndarsvæði dagsektum ef lóð hans verði ekki hreinsuð á viðunandi hátt eftir brotamálmssöfnun o.fl.

Heilbrigðisnefnd fór í vettvangsferð um iðnaðarhverfi Hafnarfjarðar til að kynna sér umgengni um lóðir, sérstaklega með tilliti til niðurrifs á bifreiðum. Lóðarhreinsun á einstökum lóðum og svæðum kom til umræðu á nokkrum fundum nefndarinnar. Athugasemdir voru gerðar við umgengni á 4 lóðum og hefur komið til hreinsunar á kostnað lóðarhafa í einu tilviki. Úttektir voru gerðar á stöðu og útliti geymslugáma á lóðum í athafnahverfum í Hafnarfirði og Kópavogi.

Samþykkt voru starfsleyfisskilyrði og sértækar kröfur fyrir rekstur spennistöðva og varaafstöðva.

Gerð var ítarleg skýrsla um stöðu mengunarvarna hjá fiskvinnslufyrirtækjum. Fyrirtækin reyndust 28 og hefur þeim fækkað um tug frá áþekkri úttekt haustið 1999. Frárennsli frá fiskvinnslum hefur ítrekað valdið vandamálum í hreinsi- og dælustöðum fráveitukerfa sveitarfélaganna. Ólykt frá einni tegund fiskvinnslu, svonefndri heitloftspurrkun fiskafurða eða hausapurrkun í þurrklefum, getur valdið umtalsverðu ónæði. Atriði sem brýnast er að fá lausn og skýrð eru í skýrslunni eru:

1. ólyktarmál við eina tegund vinnslu,
2. að fyrirtæki sem ekki hafa þegar lokið úrbótum á frárennismálum leggi fram til samþykktar framkvæmdaráætlun
3. að fyrirtækin taki á kælmiðlamálum í tengslum við sinn rekstur.

Athugun var gerð í samvinnu við Hollustuvernd ríkisins og nokkur önnur eftirlitssvæði á notkun eiturefna í starfsleyfisskyldum fyrirtækjum og hvort á staðnum væri a.m.k. einn starfsmaður með leyfi til notkunar á eiturefnum. Í ljós koma að misbrestur væri á framkvæmd reglna.

Farnar voru vettvangsferðir til Sorpu bs til að kynna stöðu mála við móttöku og förgun úrgangs og til Furu hf. til að kynna móttöku og úrvinnslu brotamálms.

Kvartanir sem skráðar eru sem mengunarmál voru 130. Þar af 99 vegna ákveðinna fyrirtækja. Aðallega voru þær vegna ólyktar við fiskþurrkun. Kvartanir og tilkynningar um mengunarslys og óhöpp voru 11. Aðrar kvartanir 20. Auk þess sinnti Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins til viðbótar mengunarslysum og óhöppum sem ekki eru í þessum tölum.

5. Almenn

Í lok árs voru á skrá 1481 staðir sem fara skal fram reglubundið eftirlit hjá samkvæmt eftirlitsáætlun. Til þeirra staða voru farnar 2108 eftirlitsferðir. Aðrir eftirlitsstaðir sem eru á skrá eru 237.

Stofnanir og fyrirtæki sem eiga að hafa starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir voru 1313. Gild starfsleyfi voru í árslok 988 og 190 starfsleyfi til viðbótar voru í vinnslu. Á árinu var lögð áhersla á að sjá til þess að starfsemi sem ætti að hafa slík leyfi væru með sín mál í lagi og markmið sett við það að 90% umræddrar starfsemi uppfyllti þau skilyrði. Þessu markmiði var náð.

Rekstrarkostnaði er haldið aðgreindum vegna heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlits annars vegar og eftirlits með hundahaldi hins vegar.

Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að sértekjur mættu 60% af rekstrarkostnaði við heilbrigðis- og mengunarvarnaeftirlit og að 40% kostnaðar yrði mætt af sveitarfélögunum. Allur kostnaður vegna eftirlits með hundahaldi á að greiðast af sértekjum.